

nota þær þar, þá verður eigi álitíð að stefndi hafi brotið einkaleyfi áfrýjendanna með innflutningi vélar sinnar eða mótkassa og notkun, og ber því að sýkna hann og staðfesta hinn áfrýjaða dóm í aðalefni hans. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfrýjendur greiði stefnda 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Sigtryggur Jóhannesson, Anton Jónsson, Gránufélagið á Akureyri og Christen Havsten greiði stefnda Páli Markússyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1908:

J. Gautesen sjálfs sín vegna
og f. h. I. An. Christensen o. fl.
í Haugesund
gegn
Birni Guðmundssyni f. h.
Fredriksen & Co. í Mandal.

Dómur:

Í norðanstórviðri hinn 19. febr. 1907 að kvöldi tók gufuskipið »Mod« frá Haugesund, sem lá á Reykjavík-

urhöfn, að reka fyrir akkerum sínum, unz það rakst á Faxaflógafubátinn »Reykjavík,« sem lá sunnar á höfninni aftan undan »Mod.« Rakst »Mod« hvað eftir annað á »Reykjavík,« braut stefnið á gufubátnum, borðstokkin og yfirbygginguna á nokkrum stöðum; bakborðsfesti »Reykjavíkur« lenti í skrúfu »Mods« og slitnaði, og loks kom svo, að skipstjóranum á »Reykjavík« þótti eigi annað fært en að sleppa hinni akkerisfestinni og setja skipið á land. Lenti það í stórgrýtisurð við Batta-rífið og varð þar að algerðu strandi, en »Mod,« sem þá var búið að slíta aðra akkerisfestina og sleit nokkru síðar einnig hina festina, komst út fyrir skipaleguna á höfninni og hélt sér þar við, þar til veðrinu slotaði undir morgun.

Gufubáturinn »Reykjavík« var eign Fredriksen & Co. skipaútgerðarmanna í Mandal og var váttrygður í þilskipaábyrgðarfélaginu við Faxaflóa fyrir 24000 kr., sem félagið hefir greitt eigendunum, en þegar sú váttrygging byrjaði árið 1904 var gufubáturinn metinn 38900 kr. og tjón sitt við strandið telja eigendur »Reykjavíkur« að þessari upphæð, að viðbættum 201 kr. 67 aur. fyrir matvæli, sem ónýtt hafi í skipinu við strandið, 60 kr. kostnaði við að senda mótorbát til Akra-ness með póstflutning, er »Reykjavík« var skuldbundin til að flytja eftir samningi við landstjórnina, og loks 200 kr. sekt eftir samningi fyrir það, að ferð gufubátsins suður í Garð 26. febr. f. á. varð að falla niður eða alls 39361 kr. 67 a. Með því að þeir halda því fram, að »Mod« eigi eitt alla sök á þessu tjóni, höfðaði umboðsmaður þeirra, Björn kaupmaður Guðmundston, mál fyrir gestarétti Reykjavíkurkaupstaðar á hendur skipstjóra

»Mods,« I. Gautesen sjálfum og fyrir hönd eigenda og útgerðarmanna skipsins Ivar An. Christensen o. fl. í Haugesund og krafðist þess, að þeir yrðu dæmdir til þess in solidum að bæta umbjóðendum sínum tjón það, er þeir hafa beðið við strandið, eins og það er að ofan talið, að frádeginni vátryggingarupphæð bátsins 24000 kr. eða 15361 kr. 67 aur. með 5% vöxtum frá stefnu-
degi 28. febr. f. á. til borgunardags, svo og málskostnað eftir mati réttarins. Lauk máli þessu svo fyrir gesta-
réttinum hinn 2. okt. f. á., að I. Gautesen og nefndir eigendur og útgerðarmenn gufuskipsins »Mods« voru dæmdir til þess in solidum að greiða Birni Guðmunds-
syni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 11660 kr. með 5% vöxtum frá stefnu-
degi til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir I. Gautesen sjálfs sín vegna og f. h. I. An. Christensen o. fl. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. jan. þ. á. og hefir hann krafist þess, að hinn áfryjaði dómur verði úr gildi feldur og áfryjendurnir algerlega sýknaðir af kærnum og kröfum hins stefnda, Björn Guðmundssonar, umboðsmanns eigenda og útgerðarmanna »Reykjavíkur,« svo og að þeir verði dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins. — Hinn stefndi Björn Guðmundsson hefir að sinni hálfu gagnáfryjað málinu með stefnu dags. 23. marz þ. á. og hefir hann krafist þess *ad allega*, að hinum áfryjaða dómi verði breytt þannig, að aðaláfryjendurnir verði dæmdir til að greiða gagnstefnanda 15361 kr. 67 aur., svo og málskostnað fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins, en *til vara* að hinn áfryjaður dómur verði staðfestur og

honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Gufuskiðið »Mod.« sem er 379⁸⁶/₁₀₀ tons netto að stærð, kom á Reykjavíkurhöfn hinn 14. febr. 1907 í góðu veðri og lagði löggildur hafnsögumaður því í hægum suðvestanvindi fyrir 30 faðma keðju á bakborðsakkeri og 20 faðma keðju á stjórnborðsakkeri, og tjáði hafnsögumaðurinn æðra stýrimanni, sem hafði á hendi stjórn skipsins eða stjórnaði því eftir nánari fyrisögn skipstjórans, sem var undir þiljum veikur í fæti, að ef nokkuð yrði að veðri skyldi meira gefið út af festum, til þess að lega skipsins á höfninni væri trygg. Næstu daga fór veður versnandi og blés vindur af ýmsum áttum, svo skipið snerist fyrir akkerum sínum, og við það flæktust eða krosslögðust festar skipsins, en þótt veður versnaði var að eins bætt 10 föðmum á stjórnborðsakkeri, svo 30 faðmar af keðju voru úti á hvoru akkeranna, er skipið tók að reka að kvöldi hins 19.; þar á móti voru akkerisfestarnar ekki greiddar eða akkerum hagað eftir vindi. Hinn 17. febr. kom gufubáturinn »Reykjavík« úr ferð og lagðist á hčfnina suður frá »Mod« til hliðar stjórnborðsmegin, en þegar vindur gekk í norður, lá gufubáturinn beint aftur undan »Mod.« — Því til réttlætningar, að festar á akkerum »Mods« voru ekki lengdar samkvæmt fyrirlagi hafnsögumannsins, er veður tók að versna, hefir aðaláfrýjandi haldið því fram, að »Reykjavík« hafi lagst svo nærri »Mod.« að ekki hafi verið svifrúum til að gefa meira út af festunum; en þessi afsökun er ekki á rökum byggð, því með framburði hafnsögumanna, óæðra stýrimanns á »Mod« og annara vitna er það fullsannað, að »Reykjavík« hafi lagst í

nægri fjarlægð frá »Mod« og að skip þetta hafi haft nægilegt svifrúm til að gefa út af festum sínum svo sem þörf var á til að liggja örugt á höfninni, en áfrýjandi hefir enga afsökun komið með fyrir því, að akkerisfestarnar voru eigi greiddar eða akkerin færð til eftir vindstöðunni, en að liggja fyrir 2 akkerum með flæktar eða krosslagðar festar er eftir framkomnum skýrslum í reyndinni sama sem að liggja fyrir að eins einu akkeri, en það er talið ótilhlýðilegt og óforsvaranlegt og tíðkast ekki á Reykjavíkurhöfn, er um skip er að ræða á stærð við »Mod.« — Þá heldur aðaláfrýjandi því fram, að »Reykjavík« hafi verið skyld til að flytja sig úr stað og hafi með því að gera það ekki losað aðaláfrýjanda við alla skaðabótaskyldu, en eins og þegar hefir verið tekið fram, er það sannað, að »Reykjavík« hefir lagst í nægilegri fjarlægð frá »Mod,« og hafði hún þá enga skyldu til að flytja sig, enda hafði »Reykjavík,« sem lá nær landi en »Mod,« fulla ástæðu til að gera ráð fyrir, að »Mod« mundis leppa festum frá sér og fara út af skipalegunni, þegar það var komið á rek, sem það gat ekki stöðvað.

Samkvæmt framansögðu verður yfirdómurinn að fallast á þá skoðun gestaréttarins, að stjórnandinn á »Mod« hafi átt alla sök á því, að gufubáturinn »Reykjavík« varð að strandi, og að sök hans sé svo vaxin, að skipstjóri, eigendur og ábyrgðarmenn skipsins eigi að bera alla ábyrgð á tjóni því, er af strandinu hefir hlotist.

1. liðurinn í skaðabótakröfu gagnáfrýjanda er svo sem fyr segir 14900 kr., og er sú upphæð miðuð við mat á gufubátnum »Reykjavík,« er fram fór þegar skipið var tekið til váttryggingar í þilskipaábyrgðarfélaginu

við Faxaflóa, og er matsgerðin dags. 5. maí 1904. Aðaláfrýjendur mótmæla eindregið upphæð skaðabótakröfunnar og halda þeir því fram, að hún nái engri átt, með því að sannvirði »Reykjavíkur« hafi, þá er hún strandaði, jafnvel ekki verið 24000 kr., er hún var váttrygð fyrir og gagnstefnandi þegar hefir fengið greiddar hjá ábyrgðarfélaginu, því síður meira. Matsgerðina, sem framkvæmd var af hinum föstu virðingarmönnum ábyrgðarfélags Faxaflóa, telja þeir óáreiðanlega og óábyggilega. Þessir virðingarmenn, tveir þilskipaformenn og einn bátasmiður, hafi eingöngu verið valdir með það fyrir augum, að virða fiskiveiðarþilskip, en þá vanti eðlilega þá sérþekkingu, sem þarf til að virða gufuskip; árið 1904 hafi innlend gufuskip ekki verið til og þau óþekt og matsmennina hafi þar af leiðandi vantað allan mælikvarða um verðmæti slíkra skipa, og þó að matið hefði verið nærri sanni eins og skipið var 5. maí 1904, þá gæti það ekki verið réttur mælikvarði fyrir verði skipsins, er það strandaði, því bæði hafi báturinn gengið stórkostlega úr sér á því tímabili, og svo hafi verð gamalla gufuskipa fallið mjög síðustu ár, en »Reykjavík« var bygð árið 1874 og og þannig 33 ára gömul er hún strandaði. Til þess að ákveða verð »Reykjavíkur« verður að hafa upplýsingar um markaðsverð slíkra skipa erlendis, og hafa áfrýjendur, að fengnu leyfisbréfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki fyrir yfirrétti, lagt fram vottorð frá norskrum skipasmiðastöð, Framnæs mekaniske Værksted, þar sem skýrt er frá, að nokkur gufuskip á stærð við »Reykjavík,« en hér um bil 10 árum yngri og með stærri vélar, hafi verið seld hvað eftir annað bæði í fyrra og í ár fyrir frá 15—20

Þúsund krónur, og er sérstaklega tekið fram, að að dómi vottorðsgefandans geti ekki komið til mála að virða »Reykjavík« hærra en 22—24 þús. krónur, þótt skipinu hafi verið haldið mjög vel við, og mundi það verð ekki einu sinni hafa verið fánlegt. Í sömu átt gengur vottorð frá norskum verkfræðing Fred. Th. Hansen í Bergen, en þar er tekið fram, að gufuskip af líkri stærð og aldri og »Reykjavík« geti ekki verið nærri því 40 þúsund króna virði. — Gagnáfrýjandi telur þar á móti matsgerðina 5. maí 1904 áreiðanlega og ábyggilega, og hefir hann bent á, að mat þetta komi vel heim við það, að árið áður hafi gufubáturinn verið metinn 40000 kr. virði, en matsgerð þessi hefir ekki verið framlögð í málinu, þótt áfrýjendur hafi vefengt hana og skorað á gagnáfrýjanda að leggja hana fram, og hafa engar upplýsingar um hana fengist aðrar en þær, að í váttryggingarskírteini frá 1903 er skipið talið virt á 40000 kr., en það bendir á að mat þetta hafi ekki verið sem nákvæmast, að váttryggingarfélagið hafði áskilið sér, að ef »Reykjavík« færir, þá skyldu að eins greiðast 30000 kr. sem *fullar bætur* fyrir skipið.

Eftir því sem fyrir liggur verður að telja það sannað, að menn þeir, er virtu gufubátinn »Reykjavík« 5. maí 1904, hafi ekki haft þá sérþekkingu, er nauðsynleg er til að gera ábyggilega virðingu á gufuskipi, og auk þess var mat þetta orðið þriggja ára gamalt, er báturinn strandaði, og er ekki óeðlilegt, að svo gamalt skip hafi rýrnað að mun síðan og verðlag á gufuskipum breytt á þeim 3 árum. Það þykir því ekki tiltækilegt að leggja matsgerð þessa til grundvallar við ákvörðun á sannvirði »Reykjavíkur«, er hún strandaði, en í þessu

tilliti verður, þaræð ábyggileg virðing á bátnum er ekki fyrir hendi, að miða verð hans við venjulegt markaðsverð eða söluverð gufuskipa á líkri stærð og aldri og »Reykjavík,« en til að ákveða það hefir rétturinn ekki aunað að fara eftir en hina ákveðnu yfirlýsingu um markaðsverð slíkra skipa frá skipasmíðastöðinni »Framnæs mekaniske Værksted« (réttarskjal nr. 18), en þar er tekið fram, að það hafi komið fleirum sinnum fyrir bæði árin, 1907 og 1908, að slík skip hafi gengið kaupum og sölum á 15—20 þús. krónur, og að verð »Reykjavíkur« geti alls ekki hafa verið meira en í allra hæsta lagi 22—24000 kr. Að vísu hefir önnur skipasmíðastöð gefið þá yfirlýsingu, að erfitt mundi að útvega jafnvel gamalt skip í stað »Reykjavíkur,« er hentugt væri til þeirra ferða, er »Reykjavík« var höfð til, fyrir minna en 40—50 þús. kr., en þar sem það er ekki upplýst, að »Reykjavík« hafi verið að nokkru verulegu frábrugðin öðrum farþegaflutningsbátum á líkri stærð, og vottorð þetta að öðru leyti er óákveðið um verðmæti »Reykjavíkur« eða annarra líkra skipa, er ekki auðið að byggja neitt á vottorði þessu.

Þar sem eigendur »Reykjavíkur« þegar hafa fengið 24000 kr. greiddar hjá ábyrgðarfélagi pilskipa við Faxaflóa upp í andvirði bátsins, verður eftir framansögðu að álíta, að þeir hafi fengið alt verð bátsins endurgoldið, og ber því að sýkna aðaláfrýjendur af þessari skaðabóta kröfu gagnstefnanda.

Þá hefir gagnáfrýjandi krafist skaðabóta fyrir matvæli, er eyðilögðust, er »Reykjavík« strandaði, að upphæð 201 kr. 67 aur., og hefir hann skýrt svo frá, að sjór hafi fallið inn í klefann, þar sem þau voru geymd,

og matvælin eyðilagst eða farið í sjóinn. Að matvæli þessi hafi verið í skipinu og að sjór hafi fallið inn í geymsluklefan hefir ekki verið mótmælt og aðaláfrýjandi hefir heldur ekki fullyrt að matvælu þessum hafi verið bjargað, og ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða andvirði þeirra 201 kr. 67 aura með 5^o/_o vöxtum frá stefnudegi til borgunardags. Ennfremur ber þeim að greiða með sömu vöxtum 60 kr. til endurgjalds kostnaði við að senda mótorbát með póst til Akraness, með því að þeirri kröfu hefir ekki verið mótmælt. Hins vegar hafa aðaláfrýjendur mótmælt að greiða 200 kr. sekt fyrir það, að ferð gufubátsins suður í Garð 26. febr. 1907 fórst fyrir; en þareð það eftir samningi gagnáfrýjanda við landsstjórnina er eigi vafalaust, að honum beri eftir atvikum að greiða sekt þessa, og það er eigi sannað, að landsstjórnin hafi gert tilkall til hennar hjá áfrýjanda, þá verða aðaláfrýjendur ekki skyldaðir til að greiða gagnstefnanda kröfulið þennan.

Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendurnir I. Gautesen skipstjóri og eigendur og útgerðarmenn gufuskipsins »Mods« frá Haugesund, I. An. Christensen o. fl., greiði in solidum gagnáfrýjanda Birni Guðmúrssyni fyrir hönd Fredriksen & Co. í Mandal 261 kr. 67 aur. með 5^o/_o vöxtum frá stefnudegi til borgunardags,

en séu að öðru leyti sýknir af kröfum og kærnum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 10. ágústmánaðar.

Nr. 22/1908:

Einar M. Jónasson
gegn
Davíð Østlund.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, cand. jur. Einar M. Jónasson, gegn trúboða Davíð Östlund fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur út af umboðslaunum fyrir sölu á húseign stefnda, sem áfrýjandi gerði kröfu til, og var málinu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 9. apríl þ. á., á þá leið, að stefndi var algerlega sýknaður í málinu, málskostnaður var látinn falla niður, nokkur tilgreind orð í sóknarskjali áfrýjanda fyrir bæjarþinginu voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi sektaður fyrir þau um 5 kr. til landssjóðs. Þessum dómi hefir cand. jur. Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 14. maí þ. á. og hefir hann gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hin umkröfðu umboðslaun, aðallega 730 kr., en til vara 490 kr., með vöxtum 6 af hundraði frá sáttakærudegi, og allan kostnað málsins fyrir báðum rétt-